




MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

# Leiðsagnarnám í nýju þriggja anna kerfi

Skólaárið 2018-2019



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Menntaskólinn við Sund

Nafn verkefnis: Leiðsagnarmat í nýju þriggja anna kerfi

Nafn verkefnisstjóra: Helga Sigríður Þórsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-40 2018

### Markmið þróunarverkefnisins voru að:

- dýpka þekkingu og skilning kennara á leiðsagnarnámi og styðja þá við að þróa enn frekar náms- og kennsluhætti á grundvelli leiðsagnarnáms.
- veita fleiri kennurum grunnþekkingu um leiðsagnarnám og auka hæfni kennara sem tóku þátt í þróunarverkefni um leiðsagnarmat árið á undan enn frekar.
- auka leikni kennara til að beita leiðsagnarnámi í sínu daglega kennslustarfi.
- einbeita sér að því að nota markvissar spurningar og samræður sem gefa vísbendingar um hvort markmiðum einstakra verkefna hefur verið náð og veita nemendum endurgjöf sem gefur upplýsingar um næstu skref í námi.
- stuðla að félagsstuðningi og samvinnu milli nemenda og aukinni ábyrgð og sjálfstæði nemenda í námi.

### Fræðilegur bakgrunnur

Þróunarhópurinn í MS byggir aðallega á fræðilegum hugmyndum Black og Wiliam (Wiliam, 2018, 2013; Black og Wiliam, 2001, 2009; Black et al 2003) og hugmyndum Shirley Clarke (2014) um leiðsagnarnám. Black og Wiliam skilgreina leiðsagnarnám þannig að námsmat sé leiðsegjandi svo lengi sem það gefur upplýsingar um árangur nemenda og þær notaðar til að taka ákvarðanir um næstu skref í kennslu. Skilyrði er að ákvarðanirnar sem teknar eru á grundvelli námsmats skili nemendum betri námsárangri og námið verði árangursríkara en ef matið hefði ekki farið fram (Black og Wiliam, 2009). Lykilþættir leiðsagnarnáms eru fimm samkvæmt kenningum Black og Wiliam:

1. Að skýra, deila og skilja námsmarkmið og viðmið.
2. Nota markvissar spurningar, viðfangsefni og samræður sem gefa vísbendingar um hvort markmiðum hafi verið náð.
3. Veita endurgjöf sem gefur upplýsingar um næstu skref í námi.
4. Stuðla að félagsstuðningi og samvinnu milli nemenda.
5. Að stuðla að aukinni ábyrgð og sjálfstæði nemenda í námi. Sjálfsmat.

### Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðunum:

Þróunarhópurinn hefur einbeitt sér að því að auka fræðilega þekkingu sína á leiðsagnarnámi, öðlast skilning á grundvallaruppbyggingu leiðsagnarnáms og prófað að beita fjölbreyttum matsaðferðum við leiðsagnarnám. Þetta var m.a. gert með því að allir þátttakendur settu sér starfsþróunarmarkmið út frá fimm lykilþáttum leiðsagnarnáms (Leahy, Lyon, Thompson og Wiliam, 2005).

- Myndaður var ca. 20 manna hópur kennara sem tók þátt í verkefninu sem var fjölgun frá því í fyrra.
- Verkefnastjóri skipulagði fundi í samráði við verkefnastjóra í starfendarannsóknnum við skólann. Skipulagður var einn fræðslufundur/vinnustofa í mánuði og á vegum starfendarannsóknna störfuðu tveir minni hópar sem hittust að jafnaði tvisvar í mánuði.
- Verkefnisstjóri skipulagði og boðaði fundi yfir veturinn og hvatti þátttakendur áfram.
- Þátttakendur bættu verklag fyrra árs og skýrðu betur námsmarkmið, viðmið og matskvarða í flestum eða öllum verkefnum í einstaka áföngum sem þeir kenndu. Hluti af þessari vinnu fór fram á starfsdegi allra starfsmanna sem var haldinn á Hótel Örk í lok nóvember og fékk nafnið Nám í MS. Verkefnið „Nám í MS“ er verkefni til þriggja ára sem hefur það að markmiði að samþætta verkefni og próf við viðmið í áföngum eins og þau eru skráð í gagnagrunn Menntamálaráðuneytisins. Reiknað er með að verkefnið leiði að lokum til einhverra breytinga í gagnagrunninum.
- Kennarar í hópnum settu sér starfsþróunarmarkmið um haustið og voru gerðar ótal tilraunir í kennslustofum til þess að bæta kennsluáferðir í takt við hugmyndafræði um leiðsagnarnám.
- Fundir voru nýttir til fræðslu um leiðsagnarnám, til að segja frá því sem kennarar voru að prófa í kennslunni og til endurgjafar.
- Unnið var með öll fimm þrepin samkvæmt kenningum um leiðsagnarnám yfir veturinn í takt við nýja námskrá og stefnu skólans í námi og kennslu.
- Fjórir kennarar og einn stjórnandi fóru á námskeið/ráðstefnu til London (fyrir styrki frá Erasmus+ og SEF) þar sem þau m.a. hlýddu á Gyu Claxton og fóru í heimsókn í skóla sem hefur að markmiði að byggja upp námskraft nemenda í takt við kenningar um leiðsagnarnám. Fimm kennarar og einn stjórnandi fóru á vegum Erasmus+ á ráðstefnu í Edinborg um leiðsagnarnám „Visible learning“ þar sem m.a. Shirley Clarke, John Hattie, Michael Fullan og Vivianne Robinson voru aðalfyrirlesarar.
- Fyrirlestur og fundur með Phil Withhead um starfendarannsóknir og þróun kennara á starfi sínu.
- Verkefnið var kynnt fyrir kennurum og öðrum starfsmönnum á kennara- og starfsmannafundum yfir veturinn. Lokafundur um þróunarverkefnið var haldinn um miðjan maí í formi innanhússráðstefnu þar sem kennarar í MS kynnu afrakstur vetrarins. Verkefnastjóri/konrektor tók verkefnið saman á skólafundi í júní og hópur kennara hefur sótt um að vera með erindi (alls fimm erindi) á ráðstefnu um framhaldsskóla sem haldin verður í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í haust.
- Á haustdögum fara um 40 starfsmenn skólans í skólaheimsókn til Kanada. Þar verður einnig haldið námskeið um leiðsagnarnám á vegum ISL (International School Leadership) sem eru kennarasamtök í Toronto sem starfsmenn munu taka þátt í.


Hópurinn vann með fyrsta lykilþátt í leiðsagnarnámi allt skólaárið 2017-2018 og hélt áfram þar sem frá var horfið með þátt 2-5 skólaárið 2018-2019.

*Verkþáttur 1:* Í upphafi vetrar var haldinn sameiginlegur fundur með starfendarannsóknarhópnum þar sem kennarar ólíkra faggreina kynntu uppbyggingu námsmats í sínum áföngum og þær breytingar sem höfðu orðið á námsmati í kjölfar nýrrar námskrár og þriggja anna kerfis í MS. Stuttu seinna var haldinn kynningarfundur með ytri ráðgjafa í leiðsagnarnámi, Sólveigu Zóphóníasdóttur, þar sem nýir þátttakendur voru boðnir velkomnir. Sólveig rifjaði upp

fræðilegan bakgrunn leiðsagnarnáms og veitti leiðsögn um hvernig útbúa mætti kennsluáætlanir út frá lykilsurningum með það að markmiði að tengja námið betur viðmiðum í áföngum. Kennarar settu sér markmið fyrir veturinn. Í ár settu kennarar sér markmið um að nota markvissar spurningar og endurgjöf til nemenda, leiðsegja þeim betur, stuðla að betri samvinnu nemenda en einnig sjálfstæði þeirra í námi.

Í tengslum við *verkþátt 2* fékk hópurinn heimsókn frá Björk Ingadóttur kennara frá FMOS. Í tíu ára sögu FMOS hefur stefna skólans í námi og kennslu byggt á kenningum um leiðsagnarnám. Björk deildi reynslu sinni og sköpuðust miklar umræður sérstaklega um tvo þætti leiðsagnarnáms, gildi munnlegrar endurgjafar og námsheftandi eiginleika einkunna í tölum. Nokkrir kennarar við MS kynntu einnig það sem þeir unnu að. Þar ber helst að nefna starfendarannsókn Sigurrósar Erlingsdóttur sem snýr að munnlegri endurgjöf kennara og nemenda.

Verkþáttur 3: Hópur kennara sem vinnur að þróunarverkefni í unglíngadeild Langholtsskóla kynnti verkefnið sitt „Smíðjur“. Um er að ræða teymisvinnu með samþættingu í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði en upplýsingatækni er samofin öllu náminu. Mikið er lagt uppúr skapandi skólastarfi í Langholtsskóla með lykilhæfni að markmiði og kenningar leiðsagnarnáms að leiðarljósi. Sjá nánar hér: <https://www.smidjan.com/>. Langholtsskólinn er kominn mjög langt á leið með innleiðingu leiðsagnarnáms, sérstaklega hvað varðar námsmat og þverfaglega nálgun (þekkingar-, hæfni- og



## Dæmi um dagskrá á fræðslufundi:

### 1. Leiðsagnarmat – upprifjun

Bridging the gap grein Dylan Wiliam

5 lykilmættir í leiðsagnarnámi

Padlet-vegurinn

[https://padlet.com/solveigz/ms\\_lei\\_dsagnarnam](https://padlet.com/solveigz/ms_lei_dsagnarnam)

### 2. Kennslulotur

Hönnun náms- og kennsluáætlana

Þekking, leikni, hæfni (markmið og viðmið)

Heildarmynd

Lykilsurningar

Stutt æfing – hugmyndir mátaðar við eigin áætlanagerð og kennslu, búnar til lykilsurningar

### 3. Námsáhugi

SOLO (structure of the observed learning outcome)


<https://www.youtube.com/watch?v=4wn3QHYbEdE>

<http://pamhook.com/free-resources/video/>

Leiðir til að vekja áhuga nemenda og hlutdeild í námsferlinu

Stutt æfing – aðferð valin og lýst hvernig hún styður við nám í tilteknu fagi

leikni-) og lærðu kennarar MS heilmikið af heimsókninni sem leiddi til þess að tveir kennarar úr MS fóru í vettvangsheimsókn í Langholtsskóla og lögðu í kjölfarið inn ósk um að gera tilraun með samþættingu náms í líffræði og íslensku á næsta skólaári. Haldinn var fræðslufundur fyrir alla starfsmenn þar sem Leifur Ingi Vilmundason kennslustjóri sagði frá kennsluaðferðum í leiðsagnarnámi, mikilvægi þess að efla vaxandi hugarfar nemenda og notkun fyrirmynda í kennslu, sjá dæmi: <https://vimeo.com/38247060>. Hjördís Þorgeirsdóttir kennari við MS kynnti veggspjöld sem hún ætlaði að nota á vorönn. Veggspjöldin hafa að geyma leiðir fyrir nemendur til að sækja sér bjargir í námi (sjá myndir). Hún sagði einnig frá því hvernig hún útskýrði einstaka flókin atriði einu sinni fyrir minni hóp nemenda en léti síðan nemendur um að útskýra það sama fyrir öðrum. Með því þurfa nemendur að endursegja upplýsingar frá kennara sem gerir það að verkum að skilningur þeirra kemur betur í ljós og kennarinn getur greint betur hvort nám hafi farið fram.



Veggspjöld: Hjördís Þorgeirsdóttir, 2019

*Verkþáttur 4* hófst með heimsókn Phil Withhead frá Englandi. Withhead er alþjóðlegur ráðgjafi í starfendarannsóknum, m.a. hjá alþjóðaskólanum í París, Flórens og skóla í Venezuéla. Heimsókn Withheads var tvíþætt. Hann hélt annarsvegar fyrirlestur fyrir alla starfsmenn og hins vegar fund með kennurum í starfendarannsóknum sem flestir eru einnig þátttakendur í þróunarverkefni um leiðsagnarnám. Heimsóknin hafði þau áhrif að fleiri kennarar tilkynntu þátttöku sína í starfendarannsóknarhópnum og mátti sjá afrakstur þess strax á lokafundi um vorið. Lokaráðstefna þátttakenda í þróunarverkefni um leiðsagnarnám og starfendarannsóknum var haldin um miðjan maí. Fjórir þátttakendur þróunarhópsins kynntu verkefni sín á þessum fundi. Þóra Víkingisdóttir og Hjördís Þorgeirsdóttir héldu erindi um Leiðsagnarnám – kennslu í smiðjum og að byggja upp námskraft nemenda. Gunnvör Rósa Eyvindardóttir útskýrði hvernig hún notar lýðræðislega kennsluhætti til þess að kenna nemendum um lýðræði og Ólafur Þórisson setti þróunarverkefnið „Nám í MS 2018-2021“ í kenningalegt samhengi samkvæmt kenningum um skólaþróun. Auk þess var einnig kynning frá Lóu Steinunni Kristjánsdóttur um MA ritgerð sína „Ferðalag í forsæti“ sem byggir á starfendarannsókni hennar sem leiðtogi í

EUROCLIO. Má segja að lokafundurinn hafi endurspeglað þau áhrif sem koma Phil Withheads hafði á hópinn auk þess sem kynningar á Erasmusheimsóknum vetrarins á kennarafundi á starfsdögum í vor kveiktu áhuga margra. Að lokum sækja um 40 starfsmenn heilsdagsnámskeið um leiðsagnarnám í skólaheimsókn sinni til Toronto í Kanada þann 9.-14. október .

### Dagskrá námskeiðsins í Toronto verður á þessa leið:

Friday's Sessions 9:00 AM to 3:30 PM

1. Reflection on School Visits – with reference to the School Effectiveness Framework
2. Overview of Assessments, Data, and Peer Coaching – Perspectives for What Follows
3. Understanding the role of assessment in student learning - types of assessments and roles
4. Defining clear learning goals
5. Creating challenging success criteria
6. Practicing the provision of effective feedback
7. Exploring the range of learning strategies for differentiation
8. Knowing when and what to do if students are not progressing
9. Impact of changing assessment practices, analyzing data, and peer coaching on your students' learning.

International School Leadership Ltd.

### Frávik miðað við áætlun og framkvæmd verkefnisins:

Upphaflega voru fyrirhugaðar fimm vinnustofur með ytri ráðgjafa á skólaárinu. Eftir fyrsta fundinn kom í ljós að kennarar höfðu áhuga á að fá fjölbreyttari hóp fyrirlesara í heimsókn. Í samráði við ytri ráðgjafa var því ákveðið að leggja frekara samstarf til hliðar um tíma. Gerð var ný áætlun sem gerði ráð fyrir tveimur heimsóknum kennarahópa úr öðrum skólum og heimsókn frá alþjóðlegum ráðgjafa í starfendarannsóknum kennara. Þróunarstarfinu var eftir sem áður stjórnað af verkefnastjóra í skólanum með dyggri aðstoð verkefnastjóra í starfendarannsóknum Þóru Víkingsdóttur. Auk þess var lögð meiri áhersla á kynningar kennara við skólann og þróunarhópur um leiðsagnarnám tengdur betur við hóp kennara í starfendarannsóknum enda markmið beggja hópa að bæta skólastarfið og vinna að innleiðingu leiðsagnarnáms í MS. Þadletvefur verkefnisins breyttist lítið yfir skólaárið en það sem á honum er nýtt þeim mun betur og kynnt fyrir stærri hópi kennara á kennarafundi.

### Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Kennarar sem tóku þátt í þróunarverkefni um leiðsagnarnám voru almennt mjög áhugasamir og iðnir við að kynna sér leiðsagnarnámið og aðlaga starf sitt að kenningum þess. Margir lögðu hart að sér og er afrakstur vetrarins mikill þegar allt er dregið saman. Það má segja að hindranir hafi verið fáar þetta skólaárið nema þá helst þétt fundardagskrá starfsmanna og stundum þurfti að flytja fundartíma til þess að sem flestir gætu sótt fundina. Upphafið gekk rólegar fyrir sig en

áætlað var en starfið var þeim mun öflugra eftir áramót og blómstraði í apríl og maí þegar afrakstur verkefnisins kom betur í ljós. Sem dæmi þá mættu um 27 af 54 kennurum á lokafund að vori og færri komust að með kynningar á sínum verkefnum en vildu.

### Ávinningur og jákvæð áhrif verkefnisins:


Með því að ígrunda og endurskoða markmið, leiðir og námsmat í einstaka áföngum í takt við kenningar um leiðsagnarnám hefur orðið til mikil þekking í skólanum til þess að vinna betur með símat í áföngum. Orðið hafa til markmiðslýsingar, matskvarðar fyrir jafningjamat og sjálfsmat, gátlistar fyrir nemendur og markvissari útskýringar á markmiðum verkefna í fjölmörgum áföngum samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Hér má sjá dæmi um hvernig Námsmarkmið koma fram í verkefni í fjölmiðlafræði sem snýr að því að kynna samfélagsmiðla og tilurð þeirra:

Námsmarkmið
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
<ul style="list-style-type: none"> <li>sögu og þróun ólíkra fjölmiðla</li> </ul>
Nemandi skal hafa öðlast leiki í að:
<ul style="list-style-type: none"> <li>aflla og vinna úr upplýsingum um fjölmiðla</li> <li>meta hlutlægni og hlutdrægni í fjölmiðlum</li> <li>tengja fræðilega umræðu um fjölmiðla við samfélagið</li> <li>vega og meta ólíkar hugmyndir og kenningar um inntak og áhrif fjölmiðla</li> </ul>
Nemandi skal geta gagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
<ul style="list-style-type: none"> <li>leggja gagnrýnið mat á fjölmiðlaefni</li> <li>taka þátt í umræðum um fjölmiðlaheiminn með rökstuddum hætti</li> </ul>

Með verkefninu fylgir einnig matskvarði sem kennarinn notar til þess að meta verkefnið og nemendur til þess að vinna það (success criteria).

Annað dæmi snýr að tilraun til þess að útbúa matskvarða í samvinnu við nemendur. Það er gert með því að skoða önnur sambærileg nemendaverkefni og biðja nemendur um að segja skoðun sína á þeim. Hér fyrir neðan má sjá myndir af því þegar nemendur skoða veggspjöld nemenda

úr ótengdum áfanga og eiga að finna út hvað þeim finnst vera til fyrirmyndar og hvað ekki. Með þessari aðferð finna nemendur út að hverju þeir stefna í sínu næsta verkefni.



Kennarar sem hafa tekið þátt í leiðsagnarnámshópnum hafa miðlað af þekkingu sinni til annarra kennara í sínum nánasta samstarfshópi. Leiðsagnarnámið hefur einnig ýtt undir samvinnu kennara þvert á faggreinar sem vinna að lokaverkefnum með nemendum. Hafa

Þessir kennarar síðustu tvö skólaár haldið sameiginlega ráðstefnu með nemendum sínum, búið til sameiginleg námsmarkmið og samræmt námskröfur.

Fleiri kennarar nýta sér viðtalsaðferðina í leiðsagnarnáminu þar sem þeir ræða við nemendur um markmið þeirra í náminu og hvernig þeir hyggjast ná þeim. Þetta hefur gert það að verkum að nemendur sem hafa átt erfitt uppdráttar í náminu hafa sumir náð að ljúka áföngum sem þeir annars voru í erfiðleikum með.

Ytri ráðgjafi verkefnisins Sólveig Zóphoníasdóttir frá Háskólanum á Akureyri var iðin við að miðla til hópsins hvernig mætti notfæra sé betur tæknilegar lausnir í kennslunni. Hún kynnti möguleika sem felast í noktun á öppum og vefsíðum sem bjóða upp á spurningakeppnir og halda utan um verkefnaskil og einkunnagjöf. Allt sem hún hefur kynnt fyrir hópnum er öllum aðgengilegt og er hægt að sækja hugmyndir verkefnabanka hvenær sem er.

Starfendarannsóknarhópur kennara hefur starfað um árabil í skólanum. Flestir kennara í þeim hópi tóku einnig þátt í þróunarverkefninu og hafa margir fundir starfendarannsóknarhópsins snúist um leiðsagnarnámið og rannsóknir kennara á innleiðingu þess. Leiðsagnarnámið hefur óhjákvæmilega haft áhrif á starfendarannsóknir kennara á skólaárinu sem gerir það að verkum að þróunarverkefnið fékk annan og stærri vinkil.

Jákvæð áhrif verkefnisins eru helst þau að verkefnið styður einstaklega vel við þá umbyltingu sem gerð hefur verið í MS á undanförunum árum. Skólinn veitir kennurum fjölda þróunarstyrkja ár hvert og munu þeir næsta haust renna m.a. til kennara sem vinna með fjölbreytt símat með leiðsagnarnám að leiðarljósi. Skólinn hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og verið breytt úr hefðbundnum bekkjarskóla í nýstárlegt áfangakerfi. Í áfangakerfinu eru engin lokapróf og nær allt námsmat fer fram innan kennslutíma. Til þess að námsmat gangi upp í slíku kerfi hafa kennarar þurft að tileinka sér símat í öllum áföngum. Þróunarverkefni um leiðsagnarnám hefur því verið bráðnauðsynleg viðbót inn í það ferli. Samkvæmt starfsmannakönnun í MS vorið 2019 segja 87% svarenda að þeir telji þróunarstarf um leiðsagnarnám í MS hafa mjög jákvæð eða frekar jákvæð áhrif á skólastarfið.

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Þróunarverkefni um leiðsagnarmat/-nám hefur gengið vel og uppfyllir þær væntingar og markmið sem lagt var upp með þrátt fyrir að hafa tekið nýjan vinkil strax í upphafi skólaársins. Þátttakendur hafa bætt áfangalýsingar með markvissari útskýringum á markmiðum, útbúið námsmatskvarða fyrir jafningjamat og sjálfsmat, gátlista fyrir nemendur og varðað námið betur í takt við hæfniviðmið Aðalnámskrár og kenningar um leiðsagnarnám. Nemendur hafa fengið aukinn atkvæðisrétt í námsmatinu og bæði kennarar og nemendur þjálfað sig í að beita endurgjöf. Kennarar sem hafa tekið þátt í verkefninu hafa haft mikil áhrif á umræðu um kennsluhætti og námsmat í skólanum. Verkefni þessara kennara hafa verið kynnt í skólanum og ýmsar hugmyndir gerðar aðgengilegar öllum kennurum skólans. Með því að hafa fengið tækifæri til þess að vinna verkefnið yfir tvö ár hefur myndast dágóður hópur kennara sem hittist og vinnur saman að því að breyta og bæta eigin kennslu. Í kjölfarið hóf skólinn skipulagt verkefni „Nám í MS“ (sem hefur verið lýst hér að framan) sem verður fylgt eftir næstu tvö skólaár. Með námskeiði í skólaheimsókn til Kanada nær verkefnið til mun fleiri starfsmanna en alla jafna tóku þátt í því síðustu tvö skólaárin og vonandi sá frægum til framtíðar. Með því að nýta styrki frá Erasmus+ og SEF til þess að senda hópa kennara og stjórnenda á ráðstefnur



og námskeið um leiðsagnarnám hefur verkefnið einnig fengið betri kynningu og stuðning úr fleiri áttum. Skólinn mun í nánustu framtíð halda áfram að senda starfsmenn á ráðstefnur og námskeið með það að markmiði að byggja enn frekar upp þekkingu meðal kennara á leiðsagnarnámi og innleiða það inn í skólastarfið. Það er ekki raunhæft að gera byltingu í kennsluháttum á tveimur skólaárum, en hugarfarsbreyting hefur sannarlega orðið hjá stórum hópi kennara sem vinna samtaka að breytingum á sínum kennsluháttum.

### Niðurstöður verkefnisins:

Í skólanum er nú orðinn til hópur kennara sem hefur tileinkað sér fjölbreyttar aðferðir við leiðsagnarnám og er orðinn leiðandi á þessu sviði innan skólans og jafnvel meðal annarra framhaldsskóla á Íslandi. Þessi hópur er í grunninn ekki nýr af nálinni og hafa margir einstaklingar innan hans stundað starfendarannsóknir árum saman sem sést vel á góðum vinnubrögðum þeirra. Í mörgum tilfellum hafa nemendur fengið tækifæri til þess að verða virkari þátttakendur í námsmati og samkvæmt niðurstöðum kannana sem kennarar í hópnum hafa lagt fyrir nemendur sína eru nemendur ánægðir með leiðsagnarnámið og finnst það henta vel.

Sótt hefur verið um að kynna verkefnið á ráðstefnu um málefni framhaldsskólans í haust en einnig eru áform uppi um að skrifa ritrýnda grein um innleiðingu leiðsagnarnáms í MS þegar líða tekur á skólaárið með það að markmiði að velta upp kostum og göllum leiðsagnarnáms fyrir nemendur og kennara í MS.

Er það einskær ásetningur stjórnenda í MS að halda áfram með verkefnið og ná til enn fleiri kennara úr öllum faggreinum skólans með það að leiðarljósi að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og námsmati og gera námið í skólanum betra fyrir alla nemendur.

Reykjavík, 27. september 2019



Helga Sigríður Þórsdóttir, konrektor Menntaskólans við Sund



Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund

## Heimildir:

Black, P. og Wiliam, D. (2001). Inside the Black Box. Raising Standards Through Classroom Assessment. BERA.

Black og Wiliam. (2009). Developing a Theory of formative assessment í Educational Assessment. Evaluation and Accountability 21:5

Black, P., Harrison, C., Clee, C., Marshall, B., Wiliam, D. (2003). Assessment for Learning. Putting it into practice. Maidenhead: Open University Press

Clarke, S. (2014) Outstanding Formative Assessment. Culture and Practice. London: Hodder Education

Hattie og Clarke. (2019). Visible Learning, Feedback. Oxon: Routledge

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2019). Veggspjöld til þess að byggja upp námskraft nemenda.

Leahy, S., Lyon, C., Thompson, M. and Wiliam, D. (2005). Classroom Assessment. Minute by Minute, Day by Day.

Regier, N. (2012). Book Two: 60 Formative Strategies. Focus on Student Learning – Instructional Strategies Series. Regier Educational Resources  
<https://www.teacherspayteachers.com/Product/Book-Two-60-Formative-Assessment-Strategies-635493>

Wiliam, D. (2018). Embedded formative assessment. Bloomington: Solution Tree Press.

Wiliam, D. (2013). Assessment: The Bridge between Teaching and Learning. Í Voices from the Middle. 21:2